

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Skaftár- og Mýrdalshreppur
Klausturvegi 10
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 25. maí 2016
UST201605-011/S.S.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulag - fiskeldi Botnum

Umhverfisstofnun vísar til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftár-og Mýrdalshrepps er barst 2. maí sl. þar sem óskað var eftir umsögn Umhverfisstofnunar varðandi lýsingu tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir fiskeldið Botnum.

Skipulagslýsing

Samkvæmt lýsingu á skipulagsverkefni og matslýsingu er um að ræða breytingu á deiliskipulagi þar sem gert er ráð fyrir stækkun úr 19 tonnum í 300 tonna fiskeldi auk viðbótarbyggingarreits fyrir eldishús. Fram kemur að áætlun um stækkun fiskeldis í 300 tonn er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Í lýsingu kemur fram að deiliskipulagið sé í samræmi við staðfest aðalskipulag Skaftárhrepps 2010 – 2022. Einnig fylgir umfjöllun um staðhætti en deiluskipulagssvæðið liggur vestan Skaftáreldahrauns og er um 42 ha að stærð. Aðkoma er eftir vegi sem að hluta til liggur í gegnum hraunið og tekið er fram að hvergi þurfi að brjóta nýtt land til vegagerðar. Enn fremur er tekið fram að eldishúsin muni koma til með að rísa þar sem áður var árstíðarbundinn árfarvegur en farvegi hans var breytt fyrir um 40 árum.

Í lýsingunni kemur fram að helstu umhverfisáhrif breytinganna eru talin vera áhrif á landslag vegna nýrra mannvirkja. Einnig að þeir umhverfisþættir sem helst geti orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar séu áhrif á vistkerfi, samfélag og landslag/ásýnd.

Umsögn


Markmið náttúruverndarlaga nr. 60/2013 eru margþætt og koma fram í 1. – 3. gr laganna. Í 2. gr. kemur fram verndarmarkmið fyrir líffræðilega fjölbreytni m.a. með viðhaldi vistgerða og eflingu vistkerfa. Í 3.gr. koma fram verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni. Í XII. kafla laganna er svo fjallað um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira.

Í 68. gr. náttúruverndarlaga er fjallað um gerð skipulagsáætlana, en í 1. mgr 68. gr segir að leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefnda við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim. Í 69. gr. náttúruverndarlaga er varðar hönnun mannvirkja kemur enn fremur fram að við hönnun mannvirkja skuli þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis. Umhverfisstofnun bendir einnig á að hafa ber í huga aðgæsluskyldu skv. 6. gr. náttúruverndarlaga.

Að því gefnu að skilyrði fyrrnefndra laga verði virt gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllst


Sigður Skaftadóttir
Sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur